

til laga um bygging og rekstur strandferðaskips.

Flutningsm.: Sveinn Ólafsson, Þorleifur Jónsson, Benedikt Sveinsson,  
Halldór Stefánsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin lætar byggja 4—5 hundruð smálesta gufuskip til strandferða og eigi síðar en svo, að rekstur þess geti byrjað 1. október 1927. Kostnaður við bygging og rekstur skipsins greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Skipið skal útbúið 70—80 teningsmetra kælirúmi og hafa minst 40 sjómilna vökuhraða. Farþegarúm sje ætlað 40—50 manns, aðallega á 2. og 3. farrými. Að öðru leyti skal skipið lagað til siglingar á vangæfari og minni hafnir, sem aðalpóstskip landsins síður getur annast.

3. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að taka það lán til byggingar skipsins, er þörf kann að verða á.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hvarvetna á landinu er kvartað um ónógar samgöngur. Öll hjeruð, sem að sjó liggja, óska eftir auknum skipaferðum og ýtast á um styrki til flóabáta, sem yfirleitt eru þó mjög dýr og óhagfeld samgöngutæki, nema innfjarða eða á kvikuljettum siglingaleiðum.

Í nefndarálit milliþinganefndar í samgöngumálum frá næstl. ári er áhersla lögð á bygging lítils strandferðaskips við fyrsta tækifæri. Samgöngumálanefnd Nd., sem fjekk það álit til meðferðar og ekki treystist til að styðja tillöguna um skipsbygging í svip, en lagði til að leigt yrði aukaskip til strandferða á þessu ári, tók það berlega fram (þskj. 60), að hún teldi ekki vel sjeð fyrir samgöngum á sjó, fyr en innlent hentugt skip yrði fengið auk »Esju« til að halda uppi strandferðum.

Framkvæmdarstjóri Eimskipafjelagsins, sem rjettilega má telja forystumann um framkvæmdir á sviði samgangna, leggur mjög eindregið með byggingu skipsins, jafnvel á þessu ári. Einnig er ljóst af meðferð þessa máls undanfarið, að margir af þingmönnum vilja flýta útvegum skipsins, meðfram vegna kæliflutnings matvæla hafna milli og í veg fyrir millilandakæliskip það, sem nú er áformað að byggja og væntanlega hefur ferðir á næsta ári.

Af töldum ástæðum og vegna þeirrar skoðunar flm., að hjer sje um mjög nauðsynlegt fyrirtæki að ræða, er frumvarpið flutt.